

8. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Áttundi fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 15. október 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Guðni Már Harðarson varamaður í forföllum Þuríðar Bjargar Wium Árnadóttur. Auk þess sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn
2. Málefni Kjaranefndar
 - a. Undir liðnum kom formaður kjaranefndar, Guðrún Zoega, á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir vinnu kjaranefndar við að samræma þóknanir fyrir nefndarsetu. Þeirri vinnu er ólokið. Þá gerði Guðrún grein fyrir og svaraði spurningum um gjaldskrá kjaranefndar.
3. Skýrsla stjórnar
 - a. RV kynnti drög að skýrslu stjórnar.
4. Yfirlit framkvæmdastjóra
 - a. Málefni Reykhóltsstaðar
 - i. BG lagði fram og kynnti tillögu sr. Geirs Waage að uppgjöri Þjóðkirkjunnar við Reykhóltsstað ehf. Ákveðið var að hafna uppgjörstillögunni en bjóða fram sáttagreiðslu.
 - ii. Rætt var um fyrirliggjandi samninga um hitaveituna.
 - b. Skeggjastaðir – virkjun Staðarár
 - i. BG lagði fram drög að samningi um rannsókn- og nýtingaleyfa vegna virkjunar Staðarár en málið hafði áður verið rætt á 5. fundi stjórnar.
 - ii. BG kynnti útfærslu framkvæmdarinnar og fyrirliggjandi samningsdrög. Fram komu athugasemdir við samningsdrögin sem verða skoðuð.
 - iii. Ákveðið að BG hafi samband við sveitarstjórn og EMS við sóknarnefnd til að kanna hug heimamanna til framkvæmdarinnar.
 - c. Söluheimildir fasteigna
 - i. Ákveðið var að leggja fram tillögu um heimild að sölu á Kópnesbraut 17 á Hólmavík.
 - ii. Ákveðið var að ræða áfram möguleikann á að óska eftir söluheimild á íbúðarhúsi að Holti í Önundarfirði og tillögu að breytingu á starfsreglum um fasteignir á þann veg að opnað verði fyrir heimild til að selja eignir og kaupa aðra í staðinn m.a. til að takast á við mönnunarvanda á landsbyggðinni.
 - d. Fjárhagsáætlun 2025

- i. BG kynnti fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2025 og fóru fram umræður um hana.
 - ii. Ákveðið var að afla gleggri upplýsinga um rekstur Skálholtsstaðar fyrir næsta fund.
 - iii. Ákveðið að GKH og RV óski eftir fundi með borgarstjóra varðandi fyrirkomulag rekstrar Skjólansins.
 - e. Rekstrarupplýsingar
 - i. BG kynnti niðurstöðu rekstrar fyrstu níu mánaða ársins 2024.
- 5. Önnur mál
 - a. Stjórnin styður það að keyptur verði flygill í móttökuhúsnæði biskups og söngmálastjóra falið að koma með tillögu að hentugum flygli.
- 6. Fyrri fundargerð
 - a. Fundargerð 7. fundar stjórnar var lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóði. Fundi slitið kl. 11:26.